

## **Fyrirlestur á málþingi Sambands sveitarfélaga 6. október 2008**

### **Ytra mat, árangur eða tímasóun?**

#### **Kristín Dýrfjörð, lektor Háskólanum á Akureyri**

Í ljósi nýrra laga um öll skólastigin er verðugt verkefni að skoða áhrif þeirra á ýmsa þætti skólastarfs og þess sem krafist er af sveitarfélögunum í kjölfarið. Í fyrirlestri mínum hér í dag ætla ég að skoða lauslega þann þátt sem snýr að ytra mati og eftirliti með skólastarfi. Ég velti fyrir mér þeim áhrifum sem nýju lögini hafa. Ég ætla líka að fjalla lauslega um mat og hvað felist í þessu hugtaki sem við heyrum öll og ætlast er til að við höfum skoðun á. Að lokum fjalla ég lítillega um aðferð sem ég tel að geti gagnast báðum skólastigum við mat.

Samkvæmt hinum nýju lögum er sveitarfélögum ætlað að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og þau eiga að láta ráðuneytinu í té upplýsingar um framkvæmd skólalahalds, um það hvernig innra mat skóla fer fram og hvað hvert sveitarfélag er að gera eða hyggst gera varðandi ytra mat. Sveitarfélögin þurfa að gera grein fyrir skólastefnu sinni og áætlunum sem þau hafa um umbætur á skólastarfinu. Með öðrum orðum þá bera sveitarfélögin nú meginþunga á að framkvæma, fylgja eftir og sjá til þess að upplýsingum um mat sé miðlað. Þeirra skylda er aðsjá til þess að matið leiði til umbóta í skólastarfi. Til að geta staðið undir hlutverki sínu verða sveitarfélögin að afla upplýsinga frá skólunum. Og til þess hafa þau ýmsar leiðir.

Innan leikskólans er löng hefð fyrir innra mati eða sjálfsmati. Mat gegnir stóru hlutverki í samskiptum leikskólans við ýmsa hagsmunaaðila. Sérstaklega á það þó við um foreldra. Þegar ráðuneytið hóf að gera úttektir á leikskólum fyrir um 10 árum var það vegna þessarar hefðar sem leikskólakennarar tóku þeim opnum örmum. En það skal tekið fram að í leikskólanum hefur lengstum verið ánægja með mat ráðuneytisins. Helsta umkvörtunarefni leikskólanna hefur verið hvað úttektirnar hafa verið fáar. Sem dæmi má nefna að á síðustu þremur árum hafa verið teknir út 3 leikskólar. Leikskólakennarar hafa ef eitthvað er óskað eftir fleiri úttektum á vegum ráðuneytisins og álíta það vera skólum til happs að fá úttekt. En samtímis hafa þeir sett fram kröfur um að ráðuneytið skýri ferla um hvernig beri að vinna að umbótum í skólunum kjölfar úttekta. Þeir vilja að þau atriði sem snúa að uppeldisstarfinu og ráðuneytið krefst umbóta á, því sé fylgt eftir að hálfu ráðuneytisins m.a. með ráðgjöf. Vegna þessara jákvæðu viðhorfa leikskólans til úttekta, tel ég vera missir að ákvæði um úttekt/mat á skólum af hálfu menntamálaráðuneytisins í nýju lögunum. Þó að auðvitað sé það tryggt í lögunum að ráðuneytið getur látið fara fram úttekt ef það svo sjálft kys. En það er líka ljóst að ráðuneytið virðist ætlast til meira af sveitarfélögunum en þau hafa hingað til ætlast af sjálfu sér. Með því að hvert sveitarfélag á að skila inn skýrslu árlega til ráðuneytisins um hvernig það stendur að mati og eftirliti og í ljósi þess að ráðuneytið ætlar að skila skýrslu til þingsins á þriggja ára fresti, má ljóst vera að ráðuneytið reiknar með reglulegu ytra mati í flestum sveitarfélögum. En hvað hefur þetta í för með sér fyrir sveitarfélögin? Fyrir utan að mat getur í sjálfu sér leitt til einsleitni í uppeldisstörfum. Þá á ég við að þegar matsviðmið eða staðlar verða þekktir er hætt við að þeir fari að ráða uppeldisstarfinu meira en æskilegt er og það leiði til einsleitni í skólastarfi.

Mér finnst rétt að benda á að ef ekki verður samið um að peningar fylgi með þessu nýja verkefni þá getur það verið sveitarfélögum verulega íþyngjandi að þurfa að láta fara fram og kosta reglulegt ytra mat á starfi grunn- og leikskóla. Sem dæmi má benda á að ef t.d. á að gera ytra mat í hverjum leikskóla á fimm ára fresti þarf Akureyrarbær að jafnaði að láta meta þrjá leikskóla á ári – sem er meira en ráðuneytið hefur talið sig þurfa að gera fyrir allt landið. Reykjavíkurborg þyrfti að láta taka út milli 15 og 19 skóla árlega (eftir því hvort einkaskólar eru teknir inn í töluna eða ekki). Það sjá það allir að þetta dýrt og spurning hvort að fénu er ekki betur varið til þess að styrkja innviði leikskólastarfsins. Til dæmis í sprotaverkefni og þróunarstarf.

Þeir sem muna eftir tilkomu Þróunarsjóðs leikskóla árið 1989 vita að hann var vítamínsprauta fyrir leikskólastarf og að hann tryggði aukinn fjölbreytileika. Hluti af því að fá slíkan styrk hefur líka verið að skila skýrslu um þróunarstarfið. Skýrslu sem hefur verið opinber og má líta á sem matskýrslu um tiltekna þætti skólastarfs. Samkvæmt rannsókn sem gerð var á vegum Rannís fyrir nokkrum árum og könnun sem ég gerði sjálf kom fram að algengast er að þróunarstarf verði til þess að tiltekin vinnubrögð festast í sessi innan leikskólans. Má telja að með því að styrkja þróunarverkefni styrki sveitarfélögin í raun það, að starfið verði gert sýnilegt og opinbert. Á það við um bæði skólastigin.

En svo ég snúi mér aftur að ytra mati þá þarf, til að skapa tiltrú hagsmunaaðila á gæðum og hlutleysi ytra mats, að ráða til verksins aðila sem eru ekki í hagsmunatengslum við viðkomandi skóla. Með því á ég við að það er ekki æskilegt að úttektaraðilarnir starfi hjá viðkomandi sveitarfélögunum. Sveitarfélögin þurfa hins vegar að styrkja og jafnvel auka við ráðgjafa sína til að takast á við þetta nýja verkefni og hjálpa skólum að aðlagast nýjum vinnubrögðum. Afleiðing þessa ákvæðis virðist því vera að stuðla að umfangsmiklum matsiðnaði á kostnað sveitarfélaga, fyrir utan aukinn kostnað við ráðgjafarstörf innan sveitarfélaga. Það virðist vera nokkuð ljóst að ríkisvaldið ætlar sér að losna við kostnaðinn af ytra mati en eftir því sem ég best veit er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélög fái bætur frá ríkisvaldinu vegna þessarar auknu starfsemi. Það er að segja ef sveitarfélögin velja að fara leið úttekta. Leið sem ég tel ekki endilega nauðsynlegt að fara. Ég tel að sveitarfélögin hafi um aðrar leiðir að velja.

Reyndar reikna ég ekki með því að minni sveitarfélög hafi efni á að ráða inn sérmenntað starfsfólk til að sinna þessu nýja verkefni eða þau hafi tiltækt fé til að leggja til utanaðkomandi matsfyrirtækja þó svo að stærri sveitarfélög hafi ráð á því. Fyrir hin hlýtur líka að koma til þess vettvangs sem við eru á nú, Samband íslenskra sveitarfélaga. Það hlýtur að vera æskilegt að innan þess verði sett á stofn mats og eftirlitsdeild sem getur aðstoðað sveitarfélögin í þessu nýja hlutverki.

Ég lét erindi mitt heita; Ytra mat, árangursríkt eða tímasóun? Eins og fram kom í kynningu á því, þá tel ég í raun að ytra mat geti verið bæði. Ég tel það skipta máli til að stuðla að umbótum en ég tel líka að ákveðin hætta geti falist í því. Hætta sem byggir á að skólastarfið fari að snúast um það sem er auðmælanlegt. Svona ekki ólíkt því sem flestir telja að hafi gerst í kjölfar samræmdra prófa. Að kennsla snúist um það sem mælt er á samræmdum prófum en ekki um það sem stendur í markmiðsgreinum laga og aðalnámskrám.

Hættan við mat er nefnilega að fólk mæli það sem einfalt er að mæla en forðist að skoða það sem flóknara er. Eins og gæði þess starfs sem fram fer í skólum. Í nýrri grein um matsfræði, sem ég

var að lesa, kemur fram að til að skoða gæði þurfi, tíma, þekkingu og peninga. Og það sé einmitt vegna þessa sem þeir sem meta, eigi á hættu að detta í að skoða einfalda hluti. Skoða rammann vel en minna það, sem er inn í honum. Vegna þess að það kostar tíma, þekkingu og peninga.

Sem dæmi um það að skoða rammann má benda á að mörg sveitarfélög láta reglulega gera foreldrakannanir og starfsmannakannanir eða svonefndar vinnustaðagreiningar. Báðar þessar greiningar taka til ytri þátta en mæla ekki það sem er að gerast á gólfinu, á deildinni eða í kennslustofunni. Þær mæla ekki innihaldið, uppeldistarfið eins og það fer fram.

Í Bandaríkjunum kom fyrir nokkrum árum fram að foreldrar sem voru með börn í lélegum leikskólum áttu afar erfitt með að viðurkenna það og flokkuðu leikskóla barna sinna yfirleitt sem betri en þau teymi sem gerðu úttekt á starfinu. Þegar rannsakendur fóru að leita skýringa kom sú helst til greina; að fólk á erfitt með að viðurkenna að það vitandi vits setji börnin sín í leikskóla sem það telur ekki standast lágmarkskröfur um gæði.

Ég tel reyndar að íslenskir foreldrar séu kröfuharðari en þetta. Að reynsla sýni að foreldrar eru einmitt þeir sem rísa upp þegar fram af þeim er gengið. En samtímis veit ég að íslenskir foreldrar veigra sér við að gagnrýna skólastarfið vegna þess að þeir eru hræddir um að það komi niður á börnunum þeirra. Meðal annars þess vegna eru foreldrar ánægðir með spurningarkannanir á vegum sveitarfélaga. Þar geta þeir komið fram með ábendingar sínar án þess að eiga það á hættu að “ílla séðar” skoðanir komi niður á börnunum. En á hinn bóginn er hægt að velta fyrir sér, að ef ástandið er á þennan veg, hvort nægt traust ríki á milli skóla og heimila. Hvort þessir aðilar líti á sig sem samverkamenn en ekki andstæðinga.

Við undirbúning þessa erindis hef ég rætt við nokkra leikskólastjóra og spurt þá áhlits á þeim könnunum sem gerðar eru, s.s. eins og vinnustaðagreiningu, foreldrakönnunum, um árangurssamninga, um skorkort og fleira. Sumir telja að þar sem krafan er um að leikskólarnir komi upp með mælanlega kvarða á árangri sé hættan sú, **að það sem fólk velur að mæla, sé það sem er auðvelt að mæla.** En samtímis að það forðist að skoða flóknari hluti. Því sé ekki líklegt að matið leiði til umbóta, leiði til gæða, leiði til betra uppeldisstarfs. Aðrir eru jákvæðari og telja að kerfin bjóði upp á sjálfskoðun og ákveðnar lausnir. Skólarnir verði t.d. samanburðarhæfari fyrir vikið. Ég tel kannanir sem gerðar eru á meðal foreldra og starfsfólks nauðsynlegar en þær eru ekki nóg. Það þarf aðferðir til að skoða það sem er að gerast inn á deildum, í skólastofum, á gólfinu.

### Tilgangur mats

Í matsfræðum er það talið grundvallaratriði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta geri sér grein fyrir tilgang matsins. Að hann liggi alltaf ljós fyrir. Í fræðunum er ekki óalgengt að flokka tilgang mats í nokkra þætti. Það er flestum ljóst að tilgangur mats er margvíslegur og raunar fer hann oft eftir því fyrir hvern matið er gert. Algengt er að tilgangi mats sé skipt í þrjá meginflokka, það er **mat til ábyrgðar, mat til þróunar og mat til þess að auka við þekkingu.**

Þegar mat til ábyrgðar er gert krefst það hlutlauss matsaðila, sem getur veitt upplýsingar sem leiða til ákvarðana. Á það við um úttektir eins og þær sem ráðuneytið hefur látið gera og mörg sveitarfélög. Til dæmis í þeim tilgangi að ákveða hvar eigi að byggja skóla, sameina skóla eða til að skoða annað hvort það sem sveitarfélög telja vera gott eða slæmt starf.

Mat sem leiðir þróunar krefst það þess að matsaðili skilji starfið og það sem það byggir á og að matsaðilar geti unnið með fólki **til að bæta frammistöðu þess** og viðkomandi starfsemi.

Mat sem á að auka við þekkingu á viðkomandi starfsemi felur í sér að ýta undir skilning á starfseminni og á að grafast fyrir um flókið orsakasamband. Ljóst er að slíkt mat verður ekki gert með fjöldaframleiddum spurningarlistum sem sendir eru út í skólana. Það krefst þess að matsaðili sé til staðar og að hann njóti trausts allra aðila.

Nú má velta fyrir sér á hvað sveitarfélögin vilji leggja áherslu og bera ábyrgð á. Og hvort þau telji að það eigi að vera einhverskonar verkaskipting á milli ríkisins og þeirra. Vilja sveitarfélögin að það ytra mat sem þau láta framkvæma leiði fyrst og fremst til þróunar skólustarfs og til þess að auka almenna þekkingu á því? Er ætlunin að matið leiði til þess að ný þekking skapist, er verið að prófa tilgátur og kenningar sem tengjast starfsemi viðkomandi skóla? Eða á matið fyrst og fremst að snúast um að draga til ábyrgðar? Og um hvað á þá sú ábyrgð á snúast? Er matið fyrst og fremst ætlað að skoða hvernig lögum og reglugerðum er fylgt eftir? Starfar skólinn t.d. samkvæmt skólustefnu viðkomandi sveitarfélags?

Ég hygg að flest sveitarfélög vilji að mat á starfsemi skólastofnana uppfylli alla ofangreinda þætti. Að það sé verið að dæma um gildi viðkomandi stofnunar, matið leiði til umbóta og aukinna gæða, það sé sýnt fram á að stofnun fylgi lögum, reglugerðum og skólustefnu viðkomandi sveitarfélaga og að það leiði til þess að þróun þekkingar eigi sér þar stað.

### **Aðferðafræði mats**

Aðferðafræði sem beitt er við mat getur verið mismunandi og er ætlun mín að gera grein fyrir nokkrum aðferðum og spegla mat á íslenskum skólum. Þær aðferðir sem ég geri grein fyrir eru; **aðferðfræðilegt mat, kenningarlegt mat, hagnýtt mat og valdveitandi mat.**

### **Aðferðafræðilegt mat.**

Fyrst ætla ég að fjalla um **aðferðafræðilegt mat**. Gæði matsins og útkomunnar er háð því hversu vel þeim aðferðum, sem notaðar eru, er fylgt - hversu **nákvæm aðferðafræðin** er. Sem dæmi um mat samkvæmt þessari skilgreiningu er úttekt menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla. Á sínum tíma setti menntamálaráðuneytið inn í reglugerð að hver skóli ætti að þróa sínar sjálfsmatsaðferðir sem ráðuneytið tæki síðan út á nokkurra ára fresti. Frá upphafi voru nokkur meginviðmið sett fram sem allir yrðu að taka tillit til. Viðmið eins og að matið ætti að vera opinbert, byggt á fjölbreyttum gögnum og svo framvegis. Ég tel að ráðuneytið hafi í raun horfið frá þessu frelsi fljótlega með því að setja fram **“samræmda”** sjálfsmatsstaðla sem hefur leitt til þess að skólarnir hafa tilhneigingu til að þróa matsaðferðir sínar til að standast skoðun ráðuneytisins. Þeir sem ekki gera það eiga á hættu að fá falleinkunn í matsskýrslum ráðuneytisins.

Eins og fram er komið eru matsfræðingar margir sammála um að það sé auðveldara að mæla ýmsa ytri þætti skólustarfs en t.d. gæði uppeldisstarfsins. Slíkt má reyndar sjá í íslenskum úttektum á starfi skóla. Lítið er um að skólustarfið sé borið saman við kenningar eða fræði um skólustarf. Borið saman við það sem fræðimenn víða um heim eru t.d. sammála um að einkenni “gott” og lýðræðislegt skólustarfi. Sem dæmi hefur OECD á síðustu árum sett fram lýsingar á því

sem þeir telja vera lýðræðislegt leikskólastarf. Þar er m.a.vitnað til nýjustu viðbóta við **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna** um þátttöku barna og umhverfi leikskóla og í ýmsar nýjar rannsóknir. Ég velti fyrir mér hvort ekki væri eðlilegt að ráðuneytið krefði þá matsaðila sem þeir ráða til verka við skoðun á leikskólastarfi, að kynna sér þessi skrif og jafnvel notuðu þau að einhverju marki sem viðmið um gott leikskólastarf? Reyndar tel ég að það sama eigi við um sveitarfélögin. Að þau tryggi að þeir sem framkvæma úttektir á starfi skóla séu vel að sér í því sem er að gerast í skólamállum, hérlendis og erlendis.

### **Kenningalegt mat.**

Önnur algeng tegund mats er það sem hefur verið nefnt kenningarlegt mat.

Þegar kenningarlegt mat er framkvæmt er mikilvægt að finna þá kenningu sem liggur að baki því starfi eða stefnu sem verið er að meta. Með því að matsfólkið beri kennsl á starfskenninguna er því gert kleift að mæla árangur þess starfs sem fram fer með tilliti til æskilegrar útkomu. Til að kanna hvort aðferðin standist kröfur um gæða er hægt að skoða þann kenningargrunn sem starfið byggir á og þær aðferðir sem notaðar eru við matið. Það er nokkuð algengt að leikskólar vinni í anda tiltekinnar kenninga og/eða kennismiða. Við mat á leikskóla, sem starfar eftir ákveðinni stefnu eins og Montessorri, Reggio Emilia eða Hjallastefnunni, ætti að leitast við að nota stefnuna/vinnubrögðin sem **viðmið í mati**. Er fólk í raun að gera það sem það segist vera að gera, samkvæmt kenningunni? Þannig er grundvöllur matsins sá að matsfólk kynni sér viðkomandi hugmyndafræði. **HINS vegar** vaknar óneitanlega í kjölfarið önnur spurning; **hversu gildur er kenningargrunnurinn?** Fellur til dæmis viðkomandi kenning undir það sem telst, samkvæmt rannsóknnum **vera „góð“ vinnubrögð**.

Þá er hægt að skoða skólastarf frá ýmsum öðrum hliðum en kenningum um uppeldisfræði, þá á ég við kenningar sem snúa að stjórnun, vellíðan frumkvöðlahugsun, starfsmannamálum og svo framvegis. Kenningarnar sem notaðar eru við matið þurfa ekki endilega að vera uppeldiskenningar.

Telja má að hægt sé að flokka mat sem skoðar starfið út frá viðmiðum um opinber tilmæli, svo sem aðalnámskrám viðkomandi skólastiga undir kenningarlegt mat. Samkvæmt hugmyndum um námskrár í þróun þá eiga þær að **byggjast á kenningum, rannsóknum og reynslu**. Hlutverk kennarans er samkvæmt því að yfirfæra kenningu í starfi, vera kenning í starfi. Því er spurning hvort til dæmis reglugerð eða aðalnámskrá geti nokkurn tíma einar og sér endurspeglad gæði. Geti einar og sér verið viðmið fyrir gott skólastarf. Eða hvort hægt sé að búa til hið endalega matsviðmið. Viðmiðin hljóta að taka breytingum eins og fræðin.

### **Hagnýtt mat.**

Það sem nefnt er hagnýtt mat er sennilega einhver algengasta aðferð við ytra mat hérlendis. Það er matsaðila að leitast við að svara spurningunni hver sé raunverulegur tilgangur matsins. Þegar hann hefur þær upplýsingar þá finnur hann þá matsaðferð sem þjónar tilganginum best. Sá mælikvarði sem hægt er að nota á gæði matsins er **hvort matið sjálft eða niðurstöður þess sé nýtt til breytinga á starfinu**. Leiðir það umbóta?

Sjálf tel ég að hér sé hægt flokka flestar skýrslur menntamálaráðuneytisins um mat á leikskólum. Það verður líka að viðurkennast að flestar þær matskýrslur frá ráðuneytinu sem ég hef lesið eru fyrst og fremst lýsandi um stofnanir og það sem þar er að gerast en minna að þær séu greinandi

og minnst að dómar séu felldir. Nema þá helst með vali á sjónarhorni. Ef til vill má kenna smæð skólasamfélagsins um.

Innan matsfræðanna eru sterkar raddir uppi um að það mat sem mestu skili sé það sem af sumum er kallað **valdveitandi mat eða þáttökumat**. Það er mat sem byggir á því að fá þá, sem matið snýr að, til þess að taka það í eigin hendur og framkvæma það sjálfir. Árangur fer þá eftir því hvernig viðkomanda tekst að fá þessa aðila til að vera virkir. Hér er hægt að benda á mat ýmissa grunnskóla, svo sem Lindaskóla í Kópavogi, sem fór svonefnda Kaupmannahafnarleið við að virkja mismunandi hagsmunaaðila.

Í nýju norsku aðalnámskrá leikskólanna er þessi leið einmitt valin. Þar er lagt til að leikskólarnir nýti sér aðferðafræði sem kennd er við uppeldisfræðilega skráningu. En hún byggir á því að starfsfólk safni á kerfisbundin hátt saman gögnum um nám barna í þeim tilgangi að þróa uppeldisstarfið. Samkvæmt norsku aðalnámskránni um leikskóla á hver leikskóli að gera sína eigin skólanámskrá og hefur faglegt frelsi til að ákveða hvernig hún er. En áhersla er lögð á að allar námskrár verði að vera sveigjanlegar og tryggt að börnin séu þátttakendur í skipulagningu starfsins.

Norðmennirnir setja fram að hver leikskóli verði að gera grein fyrir matsaðferðum sínum í ársáætlunum. Þeir taka líka fram að matið eigi ekki að snúast um að meta hvernig einstök börn standa gagnvart tilteknum viðmiðum. Heldur eigi það að stuðla að samræðu og ígrundun milli allra hagsmunaaðila. Þeir leggja til að leikskólar byggji matið á uppeldisfræðilegum skráningum, í raun verði það aðalmatstækið þeirra. Matið á að stuðla að umræðu um innihald leikskólastarfsins, gæðum þess og vera grundvöllur fyrir þróun og þekkingu. Þannig er því ætlað að vera mat til þróunar og þekkingar og sennilega má jafnframt að hluta nota það sem mat til ábyrgðar.

Fyrir þá sem aldrei hafa heyrt hugtakið **uppeldisfræðileg skráning**, þá er það ættað frá leikskólastarfi í borginni Reggio Emilia á Ítalíu. Þar notar starfsfólk, ýmsar aðferðir til að kynnast því hvernig börn læra og hugsa. Til að gera skráningar er ljósmyndataekninni beitt og svo og því að skrá niður orð og tilgátur barnanna. Leikskólakennarar, foreldrar og börn ígrunda það sem fram kemur á skráningunum saman. Læra saman.

Innan leikskólafræðanna eru margir sem telja að uppeldisfræðileg skráning sé nauðsynlegur þáttur í ígrundandi og lýðræðislegri uppeldisfræði og vinnubrögðum. Hún leiki eitt aðalhlutverkið í að byggja merkingu í starfið, hvort nú sem menn aðhyllast starf í anda Reggio Emilia eða eitthvað annað. Uppeldisfræðilega skráningin sé leið sem flestir ættu að geta nýtt sér. Hún byggir á því að í stað þess að reiða sig á gæðastaðla skiptir umræðan um raunveruleg gæði meira máli.

Afleiðing þess að setja nám niður í niðurnjörvuð þrepamarkmið og staðla sé fábreytni og einsleitni sem sé slæmt fyrir allt skólastarf.

Litið er á skráningu sem stuðning við lýðræðið í leikskólanum, **á þann hátt að** í gegnum umræðuna (um skráningar og hvert þær eiga að leiða) verður fólk sífellt að eiga í samningaviðræðum og það þarf að rökstyðja vinnubrögð og leiðir. Þegar rætt er um skráningar þarf viðkomandi að sjá sjónarhorn annarra, skýra sitt eigið og vera fær um að rökræða starfið. Umræðan er opin **sem í leiðinni opnar og gerir starfið í leikskólanum sýnilegt fyrir aðra**. Það

er hægt að nota SKRÁNINGAR til að gera starfið sýnilegt samfélaginu, til dæmis yfirvöldum leikskólamála. Það er hægt að nota það sem ákveðið ytra mats tæki ef vilji er fyrir hendi.

Markmið uppeldisfræðilegrar skráningar er fyrst og fremst að auka skilning á hvað sé um að vera í leikskólastarfinu. Henni er ætlað að sýna hvað barnið getur og hvað í því býr án þess að það séu verið að meta það eða mæla við fyrirfram gefna staðla. Hinsvegar fylgir skráningum að hlutir eru settir niður á kerfisbundinn hátt og þeir eru gerðir opinberir. Þau viðmið sem ráðuneytið hefur sett fram, um gæði sjálfsmats, er vel hægt að fella að uppeldisfræðilegum skráningum.

Átæða þess að ég vel að kynna skráninguna er að ég tel að hún sé gagnleg aðferð til að meta starf leikskóla en samtímis vera umbótamiðuð og leiða til aukinnar þekkingar á leikskólastarfinu. Hún sé því lykil að árangri og en um leið tíma vel varið.

**Takk fyrir**